

HUNDRAD FJALLA SMALAR

Með fjallmönnum í fótspor aldanna

Landmannaafreittur er töfraland og vart getur á Íslandi meiri formfegurð og fjölbreytni í náttúru, landslagi og litauði fjalla, andstæður allt um kring í hita og kulda, Landmannalaugar, Jökulgil, Veidivötn, Torfajökull og ótal staðir sem búa yfir fegurð og tign. Aflið í þessu landsvæði er með ólskindum, en það

sérstæða við það er hve hæverskt það er og fer vel með fólk sem fer um það þótt harðsótt sé. Að sumu leiti minnir þessi skiki móður jarðar á lýsinguna af Guðrúnu náttól í Njálssögu, en um hana voru sögð þau orð að hún væri kvenna fegurst og kurteisust. Varla er liðin ein öld síðan menn veigruðu sér við að ferðast um Landmannaafreitt vegna ótta við útilegumenn og víst býður þetta

hrjóstruga svæði gríðastaði úti-göngumönnum, hella og hlýja læki og hveru sem hjala við landið.

Við Galtalæk lögðu leitarmenn upp með nokkra tugi hesta. Áður fyrr voru leitarmenn 60 talsins, en nú eru þeir liðlega 20. Bílar og fjórhjól létta leitina. Það var riðið sem leið lá inn í Landmannalaugar þar sem fjallmenn gistu fyrri hluta leitarinnar í vistlegu húsi Ferðafélags Ís-

lands. Við Morgunblaðsmenn fylgdu um Þórði skáldi og bónda Guðnasyni í Köldukinn inn á heiðar og í hverju fót máli átti hann orð yfir örnefni eða sagnir sem lifnuðu á vörum skáldjöfursins og varla er það tilviljun að þessi ungi bóndi sem á djúpar rætur í Íslandi kann Bólu- Hjalmar utanað.

En þótt við færum hjá gamalkunnnum félögum á Landmannaafreitti eins og Valafelli, Valahnjúk, Hestöldu, Krókagilsbrúnum, Lambafitjahrauni, Helliskvísl við Landmannahelli, Sauðleysum, Svalaskarði, Sátunum og Sátubarni, Hellisfjalli, Herbjarnarfelli og Löðmundi, þá hefur nútíminn einnig haldið innreið sína í örnefni þessara rótgrónu heiða. Svo bar til fyrir nokkrum árum að Kristinn í Skarði, Kristján í Klofa og Þórður í Köldukinn voru að koma innan úr Landmannalaugum að þeir rákust á hóp fólks efst í Sölva-hrauni. Flestir voru svertingjar og var af fólkinu dregið nema tveimur sem létu engan bilbug á sér finna. Þeir félagar tóku fólkið upp og óku til byggða. Ekki leið á löngu þar til þreyttir göngumenn tóku gleði sína á ný og upphófu söng í blnum. Til

